



Fundargerð

389. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps haldinn í félagsheimilinu Kirkjuhvoli mánudaginn 26. október 2015.

Fundur hefst kl. 16:25, þetta er 11. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 2 blaðsíður
Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn velkomna.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

1. 113. fundur skipulagsnefndar. 26.10.2015

Skipulagsmál:

1. Orustustaðir – Deiliskipulag

Lagt er fram uppfært deiliskipulag Orustustaða til samþykktar samkv. 41. og 42.gr. Skipulagslaga nr.123/2010. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir hótel innan jarðarinnar Orustustaða.

Umsagnir og athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins er svarað innan greinargerðar skipulagsins. Meirihluti nefndarinnar gerir að öðru leiti ekki athugasemd við skipulagstillöguna og leggur til að hún verði send skipulagsstofnun til yfirferðar fyrir birtingu og gildistöku í b-deild stjórnartíðinda.

Bókun nefndarinnar lögð fram til atkvæðagreiðslu: Samþykkt með 4 atkvæðum gegn einu. Kristbjörg óskar sér bókunar.

„Ég harma þá ákvörðun meirihluta skipulagsnefndar að hafa að litlu þær athugasemdir sem gerðar eru við veglinu innan skipulagsins og reyna ekki að finna nýja veglinu sem væri að sem mestu leiti í landi Orustustaða.“

GI, JG, BG og EBH samþykkja afgreiðslu nefndarinnar. HGÁ tekur undir bókun KH og samþykkir ekki afgreiðslu nefndarinnar.

NBj
HGA

2. Tjaldsvæði á Kirkjubæjarklaustri – Deiliskipulag

Athugasemdarestur vegna deiliskipulags tjaldsvæðis að Kirkjubæ II rann út þann 5.október síðastliðinn. Engar athugasemdir bárust. Mælst er til þess að skipulagið sé sent til yfirferðar skipulagsstofnunar samkv. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010 áður en það tekur gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda

Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málín.

BV

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt af sveitarstjórn.

3. Breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022

Athugasemdarestur vegna breytingar á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 rann út þann 28.september síðastliðinn. Engar athugasemdir bárust. Mælst til þess að skipulagið sé sent skipulagsstofnun til staðfestingar samkv. 32.gr. skipulagslaga nr.123/2010



Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt af sveitarstjórn.

4. Icelandic Glacier Charr ehf – Beiðni um skipulagsbreytingu

Icelandic Glacier Charr óskar eftir því að unnin verði lýsing skipulagsbreytingar samkv. meðfylgjandi umsókn.


Nefndin gerir ekki athugasemd við að hafist verði handa við lýsingu aðalskipulagsbreytingar vegna uppbyggingar hótels og tengdri starfssemi að Tungu.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt af sveitarstjórn

Fundargerðin í heild samþykkt.

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður miðvikudaginn 11. nóvember kl. 13.


Fundi slitið kl. 16.43


Eva Björk Harðardóttir


Jóhannes Gissurarson


Guðmundur Ingi Ingason


Bjarki Guðnason


Heiða Guðný Ásgeirs Þórssdóttir